

SKATTUR Á FYRIRTÆKI

fyrirtækjaskattaréttur

Val á rekstrarformi
fyrirtækja
Skattaleg sjónarmið

Ásmundur G. Vilhjálmsson
glærupakki 9
Lausleg yfirferð - fræðsluefni

Hvað ræður / á að ráða vali á rekstrarformi fyrirtækja

1. **Kostnaður (beinn) við stofnun**
2. **Stofnunartími og stofnunaraðgerðir. Stofnfé. Fjöldi þátttakenda**
3. **Atvinnurekstrarleyfi**
4. **Skattlagning framlagðra eigna**
5. **Reiknað endurgjald**
6. **Heildarskattlagning rekstrarhagnaðar**
7. **Skattlagning óheimilla úttekta úr rekstri**
8. **Ábyrgð á heildarskuldum fyrirtækis**
9. **Stjórnun**
10. **Aðgangur að sjóðnum**
11. **Umbreytingarmöguleikar**
12. **Slitatími**
13. **Skattlagning úttekinna eigna**
14. **Alþjóðlegur skattaréttur**
15. **Hver er tilgangur þinn með atvinnurekstrinum, hversu lengi ætlar þú að stunda hann og hvernig hugsar þú þér útgöngu þína**

Hin ýmsu atvinnurekstrarform möguleikar í boði

- 1. Rekstur í eigin nafni.** Þegar svo stendur á gerir maður út á eigin kennitölu sinni
- 2. Persónubundinn samrekstur.** Hér til teljast sameignarfélög og samlagsfélög. Nánar tiltekið er um að ræða félag tveggja eða fleiri aðila um atvinnurekstur
- 3. Fjárhagsleg félög** eru t.d. hlutafélög, einka-hlutafélög og samvinnufélög. Meginhlutverk þeirra er að afla hagnaðar til úthlutunar til eigenda

Yfirlit yfir helstu atriði

Atvinnurekstur	Kt.	Sf.	Slf.	Hf.	Ehf.
Fjöldi stofnenda					
Lágmark	1	2	2	2	1
Hverjir mega stofna*	M	M/F	M/F	M/F	M/F
Stofnfé. Lágmark	0	0	0	4.000.000	500.000
Ábyrgð	Ótak	Ótak	Ótak/Tak	Tak	Tak

Sameignarfélög og Samlagsfélög geta bæði verið sálfstæðir skattaðilar og ekki sjálfstæðir skattaðilar, það er ósjálfstæðir skattaðilar

Að minnsta kosti tvo þarf til að stofna slík félög og mega þeir bæði vera menn og félög þar með talið hlutafélög þótt ábyrgðin í þeim sé takmörkuð

Hjón geta stofnað sameignarfélag/samlagsfélag. Slíkt félag getur þó aldrei verið sjálfstæður skattaðili. Hafi karl og kona stofnað sameignarfélag/samlagsfélag ber því að sýna sérstaka varúð er þau ganga í hjónaband

* Fjár síns ráðandi – ekki gjaldþrota

Af koma af sameignarrekstri hjóna

Ár	1	2	3	4	5	6
Afkoma	-1.500	-1.000	-500	0	1.500	1.500
Yfirfært		-2.500	-3.000	-3.000	-1.500	0

Reksturinn er á núlli í árslok 4 árs. Framtíðin virðist því björt og í ljósi þessa ákveða A og B að ganga í hjónaband. Í árslok 5 árs er 1,5 millj. hagnaður af starfseminni og eykur það enn á ánægju hjónanna. Engin takmörk eru líka á hamingju þeirra í lok árs 6 þegar sama sagan endurtekur sig aftur þar til þeim berst bréf frá Ríkisskattstjóra dags. 1. mars 2019 þar sem segir að við endurskoðun á skattskilum þeirra virðist sem félagið hafi glatað skattalegu hæfi sínu í ársbyrjun 2017 og standi því til að gera þeim auka skatt að fjárhæð 1,4 millj. **HVAÐ GETA HJÓNIN GERT? Hér hefði þurft að umbreyta félaginu í ehf. 1. janúar árið 4**

Kostnaður (beinn) við stofnun Fjárhæðir miðast við 15. jan. 2020

Fyrirtæki	Stofnun	Kennit.	Breyt	Umbr.	Lok
Einstaklingur (kt.) (í ehf.)	0	0		131.000	
Hlutafélag (í ehf.)	256.500		3.500	11.800	3.500
Einkahlutafélag (í hf.)	131.000		3.500	128.000	3.500
Sameignarfélag (í ehf.)	89.500		3.500	131.000	3.500

Einstaklingar í rekstri eru almennt ekki skyldir að skrá fyrirtæki sín í firmaskrá. Þetta gildir fortakslaust geri þeir út undir eigin nafni. Kjósi menn að gera út undir ákveðnu firmaheiti verða þeir hins vegar að skrá það og borga 68.000 kr.

Í yfirlitinu hér að ofan er hvorki gert ráð fyrir lögfræði- né endurskoðendaráðgjöf. Auðvitað geta menn útbúið stofnskjöl hf./ehf./sf. sjálfir en treysti þeir sér ekki til þess og verða að kaupa þjónustuna kostar það ekki undir 5 x 30.000 kr. = 150.000 kr.

Tekið af vef rsk. 15. jan. 2016

Gjaldskrá

Eftirfarandi er yfirlit yfir kostnað við stofnun og skráningu félaga, fyrirtækja og við gerð vottorða:

Stofnun einkahlutafélags (ehf.)	kr.	130.800	
Stofnun hlutafélags (hf.)	kr.	256.300	
Stofnun sjálfseignarstofnunar í atvinnurekstri (ses.)	kr.	130.800	
Stofnun samvinnufélags (svf.)	kr.	256.300	
Stofnun sameignarfélags (sf.)	kr.	89.300	
Stofnun samlagsfélags (slf.)	kr.	89.300	
Stofnun firma eins manns*	kr.	67.800	
Húsfélag, félagasamtök o.fl.	kr.	5.000	
Útskrift úr fyrirtækjaskrá	kr.	700	
Staðfest vottorð úr fyrirtækjaskrá	kr.	1.000	
Sérvottorð úr fyrirtækjaskrá	kr.	1.800	
Ljósrit af gögnum félaga 1-20 bls.	kr.	50	
Ljósrit af gögnum félaga frá bls. 21	kr.	40	
Skráning útibús erlends félags á Íslandi	kr.	256.300	
Löggilding skilaneftndar	kr.	2.500	

Gjöld vegna breytinga á skráningu fyrirtækjaskrár

Tilkynning um samruna/skiptingu	kr.	2.950	
Aukatilkynning	kr.	2.950	
Afskráning pr. félag	kr.	2.950	
Breyting úr ehf. í hf.	kr.	127.450	
Breyting úr hf. í ehf.	kr.	11.250	

Gjöld fyrir endurrit úr ársreikningaskrá skv. lögum um aukatekjur ríkissjóðs

Endurrit eða ljósrit pr. bls.	kr.	250	
Rafrænt afrit af gögnum 1-10 bls.	kr.	250	pr. bls.
Rafrænt afrit af gögnum frá bls. 11	kr.	125	pr. bls.

Tekið af vef rsk 22. jan. 2018

Hlusta

Gjaldskrá

Eftirfarandi er yfirlit yfir kostnað við stofnun og skráningu félaga, fyrirtækja og við gerð vottorða:

Stofnun einkahlutafélags (ehf.)	kr.	131.000	
Stofnun hlutafélags (hf.)	kr.	256.500	
Stofnun sjálfseignarstofnunar í atvinnurekstri (ses.)	kr.	131.000	
Stofnun samvinnufélags (svf.)	kr.	256.500	
Stofnun sameignarfélags (sf.)	kr.	89.500	
Stofnun samlagsfélags (slf.)	kr.	89.500	
Stofnun firma eins manns*	kr.	68.000	
Húsfélag, félagasamtök o.fl.	kr.	5.000	
Útskrift úr fyrirtækjaskrá	kr.	700	
Staðfest vottorð úr fyrirtækjaskrá	kr.	1.000	
Sérvottorð úr fyrirtækjaskrá	kr.	1.800	
Ljósrit af gögnum félaga 1-20 bls.	kr.	50	
Ljósrit af gögnum félaga frá bls. 21	kr.	40	
Skráning útibús erlends félags á Íslandi	kr.	256.500	
Löggilding skilaneftndar	kr.	2.500	

Gjöld vegna breytinga á skráningu fyrirtækjaskrár

Tilkynning um samruna/skiptingu	kr.	3.150	
Aukatilkynning	kr.	3.150	
Afskráning pr. félag	kr.	3.150	
Breyting úr ehf. í hf.	kr.	127.650	
Breyting úr hf. í ehf.	kr.	11.450	

Gjöld fyrir endurrit úr ársreikningaskrá skv. lögum um aukatekjur ríkissjóðs

Endurrit eða ljósrit pr. bls.	kr.	250	
Rafrænt afrit af gögnum 1-10 bls.	kr.	250	pr. bls.
Rafrænt afrit af gögnum frá bls. 11	kr.	125	pr. bls.

Tekið af vef rsk 16. jan. 2020



Hlusta



Gjaldskrá

Eftirfarandi er yfirlit yfir kostnað við stofnun og skráningu félaga, fyrirtækja og við gerð vottorða:

Stofnun einkahlutafélags (ehf.)	kr.	131.000	
Stofnun hlutafélags (hf.)	kr.	256.500	
Stofnun sjálfseignarstofnunar í atvinnurekstri (ses.)	kr.	131.000	
Stofnun samvinnufélags (svf.)	kr.	256.500	
Stofnun sameignarfélags (sf.)	kr.	89.500	
Stofnun samlagsfélags (slf.)	kr.	89.500	
Stofnun firma eins manns*	kr.	68.000	
Húsfélag, félagasamtök o.fl.	kr.	5.000	
Útskrift úr fyrirtækjaskrá	kr.	700	
Staðfest vottorð úr fyrirtækjaskrá	kr.	1.000	
Sérvottorð úr fyrirtækjaskrá	kr.	1.800	
Ljósrit af gögnum félaga 1-20 bls.	kr.	50	
Ljósrit af gögnum félaga frá bls. 21	kr.	40	
Skráning útibús erlends félags á Íslandi	kr.	256.500	
Löggilding skilanevndar	kr.	2.500	
Gjöld vegna breytinga á skráningu fyrirtækjaskrár			
Tilkynning um samruna/skiptingu	kr.	3.500	
Aukatilkynning	kr.	3.500	
Afskráning pr. félag	kr.	3.500	
Breyting úr ehf. í hf.	kr.	128.000	
Breyting úr hf. í ehf.	kr.	11.800	

Stofnunar tími

- Erlendis verður stundum að bíða vikum saman eftir skráningu á félagi
- Vegna þessa neyðast lögmenn og endur skoðendur að eiga félög á lager sem kallað er
- Hér á landi tekur yfirleitt aðeins tvo til þrjá daga að skrá félag
- Upplýsingar um skráningu nýs félags er hægt að nálgast á vef ríkisskattstjóra undir félagaskrá

Stofnunaraðgerðir

- Allir þeir sem hyggjast stofna til atvinnurekstrar eru skyldir að skrá sig á launagreiðenda- og virðisaukaskattsskrá
- Þessari skyldu fullnægja aðilar best með því að fylla út eyðublað nr. [Rsk 5.02](#)
- Skráningin er nauðsynleg vegna skyldu aðila til að innheimta virðisaukaskatt af sölu á vöru og þjónustu
- Fyrirtæki getur ekki heldur innskattað kaup á aðföngum nema það sé skráð

SKOÐIÐ

http://rsk.is/rekstur/annad/hefjarekstur?hl=5.02

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

ÞJÓNUSTUVEFUR

EINSTAKLINGAR REKSTUR / FÉLÖG FAGAÐILAR FYRIRTÆKJASKRÁ UM RSK

Leit

INTERNATIONAL

Skattar og gjöld

Bókhald og tekjuskráning

Framtal og álagning

Staðgreiðsla og reiknað endurgjald

Réttarheimildir

Eyðublið

Orðsendingar

Að hefja rekstur

Nauðsynlegar upplýsingar fyrir þá sem eru að byrja rekstur

Þegar farið er af stað með rekstur er margs að gæta og mikilvægt að afla sér sem gleggstra upplýsinga fyrirfram. Meðal annars er nauðsynlegt að kynna sér þær skyldur sem skattalögin leggja rekstraraðilum á herðar, enda eru skattareglur um atvinnurekendur og tekjur af rekstri miklu flóknari en skattareglur um launþega með launatekjur. Hér á eftir verður hlaupið stuttlega yfir helstu skyldur atvinnurekenda í skattalegu tilliti, en nánari upplýsingar fást til dæmis á upplýsingavef rikisskattstjóra og í ýmsum leiðbeiningum útgefnum af rikisskattstjóraembættinu (sjá kaflann um fræðsluefni hér aftast). Einnig má afla upplýsinga hjá ýmsum sérfræðingum, svo sem lögmönnum, endurskoðendum og rekstrarráðgjöfum.

Kaflar

1. Nauðsynlegar upplýsingar fyrir þá sem eru að byrja rekstur

2. Skil innan ársins

3. Árlæg skil

4. Fræðsluefni

Atvinnurekstrarleyfi

- Almennt þarf ekki að fá leyfi til að stunda atvinnurekstur. Þetta gildir þó ekki ef rétturinn til að stunda atvinnuna er lögvarinn
 - Leyfi til að starfa sem héraðsdómslögmaður kostar t.d. 11.000 kr.
- Sama gildir í þeim tilvikum sem atvinnan er eftirlitsskyld. Stofngjald og eftirlitsgjald/árleg endurnýjun
 - Verslunarleyfi (firma eins manns) kostar t.d. 68.000 kr.
- Upplýsingar um kostnað vegna atvinnurekstrarleyfa er hægt að nálgast í lögum nr. 88/1991 um aukatekjur ríkissjóðs

IV. kafli. Gjöld fyrir veitingu atvinnuréttinda og tengdra réttinda.

■ 10. gr.

□ [Fyrir útgáfu eftirfarandi leyfa og skirteina vegna veitingar atvinnuréttinda og tengdra réttinda skal greiða [11.000 kr.]: ¹⁾

1. Leyfi til málflytninga fyrir Hæstarétti, [Landsrétti] ²⁾ og héraðsdómi.

[2. Leyfi til að stunda almennar lækningar og sérfræðilækningar, leyfi til að stunda almennar tannlækningar og sérfræðitannlækningar, leyfi til ljósmæðra og sérfræðileyfi til ljósmæðra, leyfi til hjúkrunarfræðinga og sérfræðileyfi til hjúkrunarfræðinga, leyfi til lyfsala, leyfi til lyfjafræðinga og sérfræðileyfi til lyfjafræðinga.

3. Leyfi til sjúkraþjálfara og sérfræðileyfi til sjúkraþjálfara, leyfi til félagsráðgjafa og sérfræðileyfi til félagsráðgjafa, leyfi til iðjuþjálfara, leyfi til þroskaþjálfara, leyfi til lífeindafræðinga og sérfræðileyfi til lífeindafræðinga, leyfi til geislafræðinga, leyfi til matvælafræðinga og leyfi til sálfræðinga og sérfræðileyfi til sálfræðinga.] ³⁾

4. Leyfi til sjóntækjafræðinga.

5. Leyfi til sjúkraliða.

6. Leyfi til matartækna.

7. Leyfi til lyfjatækna.

8. Leyfi til fótaaðgerðafræðinga.

[9. Leyfi til hnykkja (kírópraktora) og osteópata.

10. Leyfi til sjúkraflutningamanna og bráðatækna.

11. Leyfi til næringarfræðinga, næringarráðgjafa og næringarrekstrarfræðinga.] ³⁾

12. Leyfi til læknaritara.

13. Leyfi til sjúkranuddara.

14. Leyfi til talmeinafræðinga.

15. [Leyfi til tannfræðinga og tanntækna.] ³⁾

[16. Leyfi til tannsmiða.] ⁴⁾

[17.] ⁴⁾ [Leyfi til stoðtækjafræðinga.] ³⁾

[18.] ⁴⁾ Leyfi til náttúrufræðinga í heilbrigðisþjónustu.

[19.] ⁴⁾ [Leyfi til [áfengis- og vímuefnaráðgjafa].] ⁵⁾ ³⁾

[20.] ⁴⁾ ... ⁶⁾

[21.] ⁴⁾ Leyfi til bókasafnsfræðinga.

[22.] ⁴⁾ [Leyfi til arkitekta (húsameistara), byggingafræðinga, grafískra hönnuða, húsgagna- og innanhússarkitekta (húsgagna- og innanhússhönnuða), iðnfræðinga, landslagsarkitekta (landslagshönnuða), raffræðinga, skipulagsfræðinga, tæknifræðinga, tölvunarfræðinga og verkfræðinga.] ⁷⁾

[23.] ⁴⁾ Leyfi til viðskiptafræðinga og hagfræðinga.

[24.] ⁴⁾ Leyfi til fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala.

[25.] ⁴⁾ Leyfi til dómtúlka og/eða skjalaþýðenda.

[26. Leyfi til niðurjöfnunar sjótjóns.] ⁸⁾

[27.] ⁸⁾ Leyfi til leigubifreiðaaksturs.

[28.] ⁸⁾ Leyfi til gerðar eignaskiptayfirlýsinga.

[29.] ⁸⁾ Löggilding endurskoðenda.

[30. Löggilding vigtarmanna.

31. Bráðabirgðalöggilding vigtarmanna.

32. Löggilding rafverktaka.] ⁷⁾

[33.] ⁷⁾ Löggilding manna um ævitið.

[34.] ⁷⁾ Meistarabréf.

[35.] ⁷⁾ Sveinsbréf.

[36.] ⁷⁾ Atvinnuskírteini skipstjórnarmanna A, B og C.

[37.] ⁷⁾ Vélstjórnarskírteini.

[38.] ⁷⁾ ... ⁹⁾

[39.] ⁷⁾ ... ⁹⁾

[40.] ⁷⁾ ... ⁹⁾

[41.] ⁷⁾ ... ⁹⁾

Skattlagning framlagðra eigna

- Við stofnun fyrirtækis er algengt að aðilar leggi fram einhverjar eignir
- Í tengslum við það koma gjarnan upp spurningar um eðli framlagsins
- Telst það sala eða ekki sala og teljist það sala þarf aðili þá að borga skatt af mismuni framlagsverðsins og upphaflega kaupverðsins
- Um þetta gilda ólíkar reglur eftir eðli viðtakans. Ef viðtakandinn er sálfstæður skattaðli telst framlagið sala, annars ekki. Þetta er megin reglan

Nánar um eðli framlagsins

Félag	Framlags verð	Upphaflegt kaupverð	Hagnaður	Eðli
Einstaklingur	1.000.000	500.000	500.000	Ekki sala
Hlutafélag	1.000.000	500.000	500.000	Sala
Sameignarfélag	1.000.000	500.000	500.000	Ekki sala

Hér er gert ráð fyrir að verð á framlagsdegi sé hærra en upphaflegt kaupverð en svo þarf alls ekki að vera. Einnig gef ég mér að sá sem leggur eignirnar fram sé einstaklingur. Við slíkar aðstæður myndast því hagnaður sem maðurinn getur þurft að greiða 22% fjármagnstekjuskatt af

Með sölu er venjulega átt við yfirfærslu á eign frá einum sjálfstæðum skattaðila til annars. Þessu skilyrði er ekki fullnægt við stofnun einstaklingsfyrirtækis og myndast þar af leiðandi ekki hagnaður þegar svo háttar til. Í skattframkvæmd hefur sama regla verið talin eiga við um sameignarfélög, jafnvel þótt þau séu sjálfstæðir skattaðilar. Í ofangreindu yfirliti myndi því sala og þar með hagnaðarskattlagning einungis vera innleyst við framlag á eignum við stofnun hlutafélags

Úrskurður nr. 321/2010

Gjaldár 2009

Kom mér mjög á óvart

- Kærandi, sem flutti búferlum á árinu 2008, hóf á sama ári rekstur gistiheimilis í hinu eldra íbúðarhúsnæði sínu. Í málinu var deilt um ákvörðun stofnverðs húsnæðisins í skattskilum kæranda árið 2009
- Skattstjóri taldi að miða bæri við kaupverð fasteignarinnar við kaup kæranda á fasteigninni á árinu 2003 (17,3 millj.), en kærandi hélt því hins vegar fram að miða yrði við markaðsverðmæti fasteignarinnar á upphafsári rekstrar, þ.e. á árinu 2008 (49 millj.)
- Í úrskurði yfirskattanefndar kom fram að ekki væri um að ræða sölu á fasteigninni í skilningi laga nr. 90/2003 heldur hefði fasteignin verið lögð fram við upphaf atvinnurekstrar kæranda þar sem eignin hefði verið ætluð til nota í rekstrinum. Í lögum nr. 90/2003 nyti ekki sérstakra reglna um ákvörðun fyrningargrunns eigna við slíkar aðstæður og færi því um þau efni eftir almennum reglum í 2. mgr. 36. gr. laganna. Var kröfu kæranda því hafnað

Skattlagningin í raun

- Þótt hagnaður geti myndast við framlag á eign við stofnun atvinnureksturs er ekki endilega víst að hann sé skattskyldur
- Hagnaður af sölu lausafjár í eigu manna er t.d. venjulega skattfrjáls, sbr. 16. gr. TSL
- Sama gildir um framlag á íbúðarhúsnæði undir gistihúsaþjónustu eða hárgreiðslustofu svo dæmi sé tekið. Sjá nánar 17. gr. TSL

Eðlisbreyting eignar skatthlutföll 2019

- Þegar eign er lögð fram við stofnun fyrirtækis breytist eðli hennar
- Eignin var einkamunur en verður atvinnurekstrareign – fyrnanleg eign
- Þetta skiptir máli upp á framtíðar skatt af hagnaði eignarinnar að gera
- Sala mannsins á eigninni ber þannig frá 0% til 22% skatt en fyrirtækisins eftir atvikum:
 - Einstaklingar í rekstri: 36,94% eða 46,24%
 - Félög. Heildarskattur af úthlutuðum hagnaði 36,7%

Eignatakörk

Hvaða eignir getur fyrirtæki átt?

- Einstaklingur í rekstri getur almennt ekki látið „fyrirtæki“ sitt eiga einkamuni sína eins og bifreið, íbúðarhús o. fl.
 - Rekstrarkostnað eignanna verður því að gjaldfæra í rekstri eftir hlutfalli atvinnurekstrarnotanna af heildarnotunum
- Hins vegar eru engin takörk á þessu þegar félög eins og hlutafélög og sameignarfélög eiga í hlut
 - Aðeins þarf að passa upp á að reikna eigandanum hlunnindatekjur af afnotunum eða láta hann greiða leigu

Íbúðarhúsnæði

- Þurfi fyrirtæki nauðsynlega að eiga fólksbifreið er félagsformið því betri kostur en einstaklingsrekstur
- En jafnvel félag getur ekki átt hvaða eign sem er. Fyrir nokkrum árum var algengt að menn færðu íbúðir sínar yfir í einkahlutafélög sín
- Var tilgangurinn að spara sér skatt með því að gjaldfæra allan kostnað af rekstri íbúðarinnar í atvinnurekstrinum
- Við endurákvörðun á sköttum margra þessara aðila hefur umrædd gjaldfærsla þó verið felld niður og gildir einu þótt eigandi greiddi markaðsleigu fyrir afnotin
- Yfirskattanefnd lítur einfaldlega svo á að yfirfærslan sé sýndargerningur

Dómur HÆSTARÉTTAR dags. 9. september 2005

í málinu nr. 344/2005:

Byggðabjónustan ehf. gegn sýslumanninum í Kópavogi.

- Einkahlutafélagið B hafði um nánar tilgreint tímabil fært til gjalda í rekstri sínum kostnað vegna íbúðarhúsnæðis í eigu félagsins, sem stjórnarformaður, sem jafnframt var helmingseigandi B, og framkvæmdastjóri B bjuggu í
- Í úrskurði komst skattstjóri að því að B hefði verið óheimilt að færa til gjalda kostnað vegna íbúðarhúsnæðisins og leiddi það til breytinga á gjaldstofni B nánar tilgreind ár bæði að því er varðaði opinber gjöld og virðisaukaskatt. Var gert fjárnám fyrir vangreiddum gjöldum hjá B vegna þessa og krafðist félagið þess í málinu að fjárnámið yrði fellt úr gildi
- Talið var að breyting sú sem gerð var á virðisaukaskatti í nefndum úrskurði yrði ekki borin undir dómstóla þar sem endurákvörðun skattsins hafði ekki fyrst verið borin undir yfirsattanefnd í samræmi við fyrirmæli 5. mgr. 29. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt
- Þá var talið að af gögnum málsins yrði skýrt ráðið að íbúðarhúsnæðisins hefði ekki verið aflað í því skyni að það nýttist í rekstri B, né hafi það verið nýtt með slíkt fyrir augum. Skipti þá ekki máli þótt þeir einstaklingar sem húsnæðið höfðu til umráða hefðu staðið skil á leigu til B. Var B því óheimilt að draga kostnað tengdan húsnæðinu frá tekjum sínum og var kröfu B um að fjárnám vegna skattakröfunnar yrði fellt úr gildi því hafnað

Dómur hæstaréttar
dags. 22. nóvember 2007 í málinu nr. 44/2007
Reykvískir lögmenn ehf. gegn íslenska ríkinu

- Fyrir Hæstarétti snérist ágreiningur aðila um þá ákvörðun yfirkattaneftndar um að fella niður gjaldfærslu rekstrar-kostnaðar í framtölum félagsins R, vegna húsnæðis sem var meðal annars nýtt sem íbúðarhúsnæði fyrir eigendur félagsins, S og eiginkonu hans
- R þótti ekki hafa fært sönnur á að umrætt húsnæði hefði verið nýtt til öflunar tekna í rekstri félagsins, til að tryggja slíka tekjur eða halda þeim við. Var R því óheimilt að gjaldfæra kostnað og afskriftir vegna fasteignarinnar sem rekstarkostnað samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 75/1981. Var í því sýknað af kröfum

REIKNAD ENDURGJALD

Sjá 2. mgr. A-liðar 7. gr. TSL

Almenn skylda óháð því hver „launagreiðandinn“ er
í framkvæmd virðast þeir sem gera út í félögum þó hafa frjálsari hendur

- Allir menn sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi eru skyldir að telja sér til tekna eigi lægra endurgjald fyrir starf sitt og hefðu þeir innt það af hendi fyrir óskyldan eða ótengdan aðila
- Sama gildir um menn sem vinna við atvinnurekstur eða starfsemi sem rekin er í sameign með öðrum og einnig um vinnu manns við atvinnurekstur lögaðila þar sem **HANN** er **RÁÐANDI AÐILI VEGNA EIGNAR- EÐA STJÓRNUNARAÐILDAR**

Ráðandi staða

Hvað merkir það?

1. Maður telst hafa **ráðandi stöðu** í þessu sambandi ef hann einn eða ásamt maka, börnum, foreldrum, systkinum eða öðrum nákomnum ættingjum eða starfandi hluthöfum á samtals 50% hlut eða meira í lögaðila enda eigi hver um sig a.m.k. 5% hlut í þeim lögaðila

HÆKKUN REIKNAÐS ENDURGJALDS

- Reiknað endurgjald manns þarf ekki endilega að vera hið sama í staðgreiðslu og við álagningu
- Í staðgreiðslunni kann t.d. að hafa verið gengið út frá hagnaði sem ekki er inni-stæða fyrir við ársuppgjörið
- Þegar svo stendur á er eðlilegt að reiknaða endurgjaldið sé lækkað. En sú staða getur líka komið upp að skattyfirvöld vilji hækka endurgjaldið

Eru takmörk á hækkunarheimild ríkisskattstjóra

Einstaklingsrekstur öruggari en félagarekstur

- Reiknað endurgjald byggist á vinnu. Liggi fyrir upplýsingar um að maður, sem reiknað hefur sér endurgjald miðað við **HÁLFT** starf, hafi verið í **FULLRI** vinnu í fyrirtæki sínu er viðbúið að ríkisskattstjóri vilji hækka endurgjaldið
- Til þess hefur hann líka fullan rétt ef maður gerir út í félagsformi. Skiptir jafnvel ekki máli þótt endurákvörðunin myndi tap í rekstri. Sé hins vegar um að ræða einstaklingsrekstur má endurákvörðunin **EKKI** mynda tap sem nemur hærri fjárhæð en almennar fyrningar

Einstaklingsrekstur

Launþegi – ekki launþegi

hóflegur ferða og fæðiskostnaður

- Þótt maður, sem stundar rekstur á eigin kt., sé skyldur að reikna sér endurgjald telst hann ekki **LAUNÞEGI** í venjulegum skilningi orðsins
- Er slíkur aðili fer í viðskiptaferð á vegum fyrirtækis síns á hann því almennt ekki rétt á dagpeningum
- Aðeins raunverulegur kostnaður vegna ferðarinnar er því frádráttarbær frá tekjum
- Þessu er öðru vísi farið stundi maðurinn rekstur í félagsformi og vinni hjá félaginu
- Fari hann í viðskiptaferð á vegum slíks aðila ræður maðurinn hvort hann gjaldfærir kostnaðinn í formi dagpeninga eða raunverulega greidds kostnaðar

Heildarskattlagning rekstrarhagnaðar gjaldárið 2018 vegna 2017

Einstaklingur	1. þrep	2. þrep
Hagnaður	100,00	100,00
Skattur manns af hagnaði	36,94	46,24
Til ráðstöfunar eftir skatt	63,06	53,76

Úttekt hagnaðar af rekstri sameignarfélaga sætir ekki sérstakri skattlagningu. Úttektin er með öðrum orðum skattfrjáls. Það sem ræður því hvort rekstrarformið er hagstæðara er því liðurinn: **Til ráðstöfunar eftir skatt** og hann er augljóslega hærri hjá einkahlutafélagi og sameignarfélagi

Ehf. og sf./slf.	1. þrep	2. þrep
Hagnaður	100	100
Skattur félags af hagnaði	37,60	37,60
Til ráðstöfunar eftir skatt	62,4	62,4

Samanburður

Af hverjum 100 kr. í hagnað held ég semsagt eftir 64 kr. í einkahlutafélagi og sameignarfélagi. Þegar um einkarekstur er að ræða nema þessar tölur 53,75 kr. til 62,87 kr. til Hér munar semsé allt að 10,25 kr. Af milljóninni gera þetta 102.250 kr.

Af 100 kr. held ég eftir í	1. þrep	2. þrep
Sameignarfélag	62,4	62,4
Einkahlutafélag	62,4	62,4
Einstaklingur í rekstri	63,06	53,06

Munurinn helgast af heildarskatti af úthlutuðum hagnaði. Í einkahlutafélagi og sameignarfélagi er skatturinn þannig ávallt 37,6% en frá 36,94 til 46,24% í einkarekstri

Og stafar það af því að skatturinn í	1. þrep	2. þrep
Sameignarfélag	37,60	37,60
Hlutafélag	37,60	37,60
Einstaklingur í rekstri	36,94	46,24

Skattlagning óheimilla úttekta úr rekstri

Hér er gert ráð fyrir að ekkert óeðlilegt sé við reiknað endurgjald eiganda. Sé reiknaða endurgjaldið of lágt í öllum tilvikum getur breyting orðið á stöðu félaganna

Óheimil úttekt. Álagning 2020 vegna 2019	Kt.	Hf.	Sf.
Einkakostnaður sem rekstrarkostnaður	1.000.000	1.000.000	1.000.000
Rekstur. Hækkun/lækkun tekjuskattstofns	1.000.000	1.000.000	1.000.000
Mótframlag. 8% af launum	0	80.000	0
Tryggingagjald. 6,60% af launum og mótframlagi	0	71.280	0
Hækkun/lækkun rekstrartekna	1.000.000	-1.151.280	1.000.000
25% álag vegna vantalinna rekstrartekna	250.000	0	250.000
Nýr tekjuskattstofn fyrirtækis	1.250.000	-1.151.280	1.250.000
			0
Skattahækkun/skattalækkun/46,24%/20%/37,6%	578.000	-230.256	
Eigandi. Hækkun/lækkun tekjuskattstofns		1.000.000	
25% álag vegna vantalinna launatekna		250.000	
Nýr tekjuskattstofn eiganda		1.250.000	
Skattahækkun/skattalækkun/46,24%		578.000	
Nettó breyting		347.744	

Taka peninga úr sjóði hversu fastir eru þeir

- Í einstaklingsrekstri ræður maður yfir sjóðnum. Skv. því er ekkert til fyrirstöðu að hann taki alla innkomuna út jafnóðum
- **SAMA GILDIR ÞEGAR UM SF./SLF. ER AÐ RÆÐA**
- Hlutfélög og einkahlutfélög eiga hins vegar sjóði sína sjálf. Einstakir hluthafar hafa því ekki rétt á að tileikna sér þá nema skv. reglum laga um úthlutun arðs, lækkun hlutafjár og úthlutun við félagsslit. Sjá nánar 73. gr. og 74. gr. EHL

74. gr. EHL

hagnaður ársins, yfirfærður hagnaður fyrri ára
og fjálsir sjóðir (óráðstafað eigið fé)

EFNISSKILYRÐI

- **73. gr. ÓHEIMILT** er að úthluta af fjármunum félagsins til hluthafa nema það fari fram eftir reglum um 1) úthlutun arðs sem **ENDURGREIÐSLA** vegna 2) lækkunar hlutafjár eða 3) varasjóðs eða vegna 4) félagsslita

74. gr. EINUNGIS ER HEIMILT að úthluta sem arði **hagnaði** samkvæmt samþykktum ársreikningi **SÍÐASTA REIKNINGS-ÁRS**, **yfirfærðum hagnaði** frá fyrri árum og **frjálsum sjóðum** eftir að dregið hefur verið frá tap sem ekki hefur verið jafnað og það fé sem samkvæmt lögum eða félags-samþykktum skal lagt í varasjóð eða til annarra þarfa

Afleiðing óheimillar úttektar
skattleggst sem laun eða gjöf
Sjá glæru 16

Ehf. er slæmur kostur fyrir þá sem ekki geta látið sjóðinn
Í FRÍÐI

- Úthlutun verðmæta til hluthafa eða hlutareiganda sem jafnframt er **starfsmaður félags**, eða tengds félags, telst vera laun skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr. **ef hún er óheimil samkvæmt lögum um hlutafélög eða lögum um einkahlutafélög**
- Ef úthlutun til **ANNARRA EN STARFSMANNA** er **ÓHEIMIL** samkvæmt lögum um hlutafélög eða lögum um einkahlutafélög skal skattleggja úthlutunina sem tekjur **skv. 4. tölul. A-liðar 7. gr. → GJÖF**

Endurákvörðun skatts óheimil úthlutun 1 millj.

- **Afleiðingar fyrir eigandann.** Tekjuskattsstofn hans hækkar um 1.000.000 kr. að viðbættu 250.000 kr. vegna álags. Til skatts koma svo 36,94% eða 46,24% af **samtölnni**
- **Afleiðingar fyrir félagið.** Tekjuskattsstofn þess lækkar um 1.000.000 kr. að viðbættum 80.000 kr. vegna mótfamlags og 6,60% af 1.080.000 kr. vegna tryggingagjalds. Félagið fær því endurgreiddan skatt

Ábyrgð á heildarskuldum fyrirtækis

- Ábyrgð manna á heildarskuldum fyrirtækja getur ýmist verið **ótakmörkuð** eða **takmörkuð**
- Stundi maður atvinnureksturinn á eigin kt. eða í félagi með öðrum í sameignarfélagi er ábyrgðin ótakmörkuð. Ath. þó samlagsfélagsformið
- **Bæði eigið fé fyrirtækisins og mannsins standa því til TRYGGINGAR á skuldbindingum þess**
- Í hlutafélögum takmarkast ábyrgðin hins vegar við eigið fé félagsins. Fari félagið á hausinn er því **EKKI** unnt að gera manninn persónulega ábyrgan vegna skulda þess

Ábyrgðin í raun

- Þótt ábyrgðin í hlutafélagi og einkahlutafélagi sé takmörkuð segir það út af fyrir sig ekki mikið
- Í flestum tilvikum eru eigendurnir nefnilega persónulega ábyrgir gagnvart banka o. fl.
- Við val á fyrirtækjaformi ætti því að beina kastljósunum að hætta á tjóni **vegna skaðaverka, galla á framkvæmd, ólögmætri uppsögn starfsmanna o. fl.**
- Ef hætta á slíku tjóni er mikil, fjárhagslegir hagsmunir verulegir o. fl. ætti maður því frekar að gera út í hf./ ehf. en sf./slf.

Rekstrarformið fer með öðrum orðum **EFTIR EÐLI** starfseminnar

- Byggingaverktar, verkfræðingar og hliðstæðir aðilar sem geta þurft að axla mikla ábyrgð vegna framkvæmda sinna eiga því að gera út í hf./ehf.
- Læknar, lögfræðingar, endurskoðendur o.fl. ættu hins vegar frekar að notast við samlagsfélag. Sama gildir um iðnaðarmenn nema ábyrgðin sé þeim mun meiri
- Útleigu á fasteignum, eignarhald á hlutabréfum o. fl., er svo líklega best að stunda í einkahlutafélagsformi. Er það vegna arðskattlagningarinnar. Svo vill maður líka geta losað sig við slík félög án mikillrar fyrirhafnar

Stjórnun og ákvarðanataka

- **Einstaklingsrekstur.** Sá sem stendur fyrir starfseminni ræður öllu sjálfur
- **Sameignarfélagsrekstur.** Allir þátttakendur hafa sama (jafnt) vald til ákvarðana nema takmörk séu á því gerð í félagssamþykktum. Allir verða því að vera sammála
- **Samlagsfélagsrekstur.** Aðalmaður (ótakmörkuð ábyrgð) og samlagsmaður (takmörkuð ábyrgð)
- **Hlutfélaga-og einkahlutfélagarekstur.** Ábyrgð á rekstri er í höndum framkvæmdastjóra og stjórnar. Hluthafa fundir. Aðalfundir og aukafundir. Meirihluti. Aukinn meirihluti

Afleiðing ábyrgðarinnar

- Sameignarfélags- og samlagsfélagsformið getur því verið varhugavert
- Að minnsta kosti þarf að sýna meiri fyrirhyggju þar en þegar um hlutafélög/einkahlutafélög er að ræða
- Þetta er einmitt ástæðan fyrir því að slík félög eru einkum notuð af þeim sem þekkjast mjög vel og bera gagnkvæmt traust til hvors/hvers annars

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness, fimmtudaginn 10. september 2009, í máli nr. E-822/2009: Flæði ehf. gegn Benedikt Sveinssyni og Karli Fjölni Finnbogasyni. **Ábyrgð samlagsmanns**

- Stefndi Karl Fjölur kveðst byggja á því að ábyrgð hans á skuldbindingum félagsins verði einungis reist á efni félagssamningsins. Kveður hann kröfu sína um sýknu að svo stöddu byggja á þeirri staðreynd að ábyrgð hans á öllum skuldbindingum Stáls í stál slf. **sé óbein og takmörkuð við 50.000 krónur.**
- Eigi stefnandi ekki lögvarða kröfu gegn honum um greiðslu þeirrar ábyrgðarfjárhæðar til hans sem einstaks kröfuhafa eða vegna einstakrar kröfu hans eða krafna. Sú ábyrgð gildi gagnvart öllum kröfuhöfum sem heild og skuli koma til greiðslu krafna þeirra að hluta og í réttu hlutfalli við heildarfjárhæð hvers kröfuhafa félagsins.
- Bú Stáls í stál slf. hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta 7. maí sl. og hafi stefndi Karl Fjölur hinn 13. maí sl. innt af hendi umrædda ábyrgðarfjárhæð, 50.000 krónur, til skiptastjóra þrotabúsins. Fjárhæðin komi síðan til skipta milli kröfuhafa samkvæmt kröfuröð rétttri að gjaldþrotaskiptarétti og verði jafnræðis þar með gætt gagnvart kröfuhöfum félagsins varðandi hina takmörkuðu ábyrgðarfjárhæð, sem ábyrgð stefnda Karls Fjölnis geti ekki farið fram úr.

Dómsorð:

- Stefndi, Karl Fjölur Finnbogason, er sýkn af kröfum stefnanda að svo stöddu. Stefnandi greiði stefnda, Karli Fjölni, 120.000 krónur í málskostnað.

Umbreytingarmöguleikar

maður vill auðvitað fá að vaxa og dafna

- Við stofnun atvinnurekstrar er nauðsynlegt að reyna að átta sig á því hversu auðvelt er að umbreyta honum í annað rekstrarform án skattlagningar
- Og eftir því sem fyrirtækið stækkar og áhættan eykst - **hvort hægt sé að skipta honum upp þannig að eggin séu ekki öll í sömu kröfunni svo að segja**
- Auðvitað getur ástæðan svo sem verið önnur. Maður kann t.d. að vilja selja ákveðinn rekstrarþátt atvinnu sinnar fyrir sem minnstan skattakostnað

Dæmi úr raunveruleikanum

- Sigtryggur er leigubifreiðastjóri. Jafnframt hefur hann gert út lítinn bát og ræður hann yfir veranlegri úthlutaðri aflaheimild fyrir 15 millj. kr.
- Sigtryggur hefur nú borist tilboð í aflaheimildirnar fyrir 18 millj. kr. Sem einstaklingsatvinnurekandi þarf Sigtryggur að greiða 8.323.200 kr. skatt af sölunni (46,24% af 18.000.000)
- Ef aflaheimildirnar væru í eigu hlutafélags myndi skatturinn hins vegar vera 3.000.000 kr. Hér munar því 5.323.200 kr. sem er all nokkuð

Muna. Fyrst umbreytum við rekstri á eigin kt. í ehf. Eigið fé að fjárhæð 4 millj. breytist þar með í hlutafé Þegar ehf. hefur verið stofnað og yfirtekið einkareksturinn skiptum við honum upp í tvö ehf. Annars vegar leigubifreiðaaakstur og hins vegar útgerð

	Eignir	Skuldir	
Veltu fé	1	6	Lán
Bifreið	3	4	Eigið fé
Bátur	6		
Eignir alls	10	10	Skuldir og eigið fé

Hagnaður af sölu útgerðar reiknast svona:
 $18.000.000 - 1.000.000 = 17.000.000 \times 0,20 = 3.400.000 \text{ kr.}$

Leigubifreiðarekstur			
Veltufé	0		
Bifreið	3	3	Hlutafé
Eignir alls	3	3	Skuldir og eigið fé

Útgerð			
Veltu fé	1	6	Lán
Bátur	6	1	Hlutafé
Eignir alls	7	7	Skuldir og eigið fé

Rekstur á eigin kt. í ehf.

- Hægt er að umbreyta rekstri á eigin kt. í ehf. Heimildin er bundin við atvinnurekstur sem **EINN MAÐUR** stendur fyrir. Stundi maðurinn samrekstur með öðrum er því ekki unnt að breyta honum
- Aðeins er unnt að framkvæma þessa breytingu á tímabilinu jan. til aprílloka ár hvert og miðast breytingin við stöðu eigna og skulda í árslok ársins á undan
- Yfirfæra verður allar eignir og skuldir þar með talið eigið fé einkarekstursins yfir í einkahlutafélagið
- Umbreyta þarf í ehf. og skal það félag vera nýtt. Ekki er því unnt að nota gamalt félag sem viðtökufélag
- Eftir umbreytinguna er hins vegar ekkert til fyrirstöðu að skipta ehf. upp í leigubifreiðarekstur og smábátaútgerð

MUNA PEROS, sbr. dóm Hæstaréttar dags 25. nóvember 2010 í málinu nr. 223/2010: Paros ehf. gegn íslenska ríkinu. Aðeins er unnt að umbreyta einkarekstri sem er í gangi í ehf.

- Með bréfum 17. júlí 2006 hafi skattstjóri boðað endurákvörðun opinberra gjalda stefnenda gjaldárið 2003 þar sem fyrirhugað væri að hækka rekstrartekjur í skattframtali E árið 2003 um **72.785.789 krónur** og fella niður tekjufærðan söluhagnað sömu fjárhæðar í rekstrarreikningi Parosar ehf. fyrir árið 2002 á þeim forsendum að ekki hefði verið um að ræða neina yfirfærslu á atvinnurekstri í höndum E árið 2002 til Parosar ehf., sbr. 56. gr. laga nr. 90/2003
- **Skattstjóri hafi vísað til þess að E, sem hefði haft með höndum útleigu fasteigna í atvinnuskyni, hefði selt fasteignir sínar á árinu 2000 og ekki haft með höndum neinn atvinnurekstur eftir það**
- Ekki yrði því séð að um yfirfærslu á atvinnurekstri í skilningi 56. gr. laga nr. 90/2003 gæti verið að ræða á árinu 2002. Breytti engu í þessu sambandi þótt ársreikningur vegna erlendrar hlutabréfaeignar og tölvukaupa á árinu 2001 hefði fylgt skattframtali E árið 2002. Af skýringum hennar mætti ráða að hún hefði ekki haft neinar ráðagerðir um að endurfjárfesta í fasteignum eða öðrum

Sameignarfélög

- Við stofnun sameignarfélags er nauðsynlegt að ákveða strax í byrjun hvort það eigi að vera sjálfstæður skattaðili eða ekki
- Eftir stofnun og skráningu er nefnilega ekki unnt að gera sameignarfélag, sem ekki er sjálfstæður skattaðili, að sjálfstæðum skattaðila
- Sameignarfélag er persónubundið félag. Í það veljast því gjarnan menn/konur sem þekkja og treysta hvor/hver öðrum
- Hafi menn áhuga á að fjölga félagsmönnum, taka inn aðila, sem menn þekkja ekki vel, getur því verið rétt að breyta félaginu í ehf.

D Ó M U R
Héraðsdóms Reykjavíkur 11. febrúar 2011
í máli nr. E-31/2010: Taxis lögmenn sf.
gegn Íslenska ríkinu

- Með félagssamningi, dags. 19. janúar 1999, var stofnað sameignarfélagið SKR lögmenn sf. Það félag er sami aðilinn og stefnandi, en breytingar hafa orðið á nafni, eignarhaldi að nokkru leyti, sem og á starfsemi félagsins, eins og rakið hefur verið. Í stofnsamningi er tekið fram í 1. gr. **að félagið sé ekki sjálfstæður skattgreiðandi**
- Með hliðsjón af því sem rakið hefur verið um túlkun 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003 og skattaframkvæmd er fallist á þann skilning stefnda að skattaleg staða sameignarfélaga verði að **ákvarðast þegar í upphafi** og síðar verði engin breyting á þeirri stöðu gerð meðan félagið er við lýði
- Orðalag ákvæðisins og forsaga þess þ.m.t. ákvæði 3. mgr. 2. gr. eldri tekjuskattslaga nr. 7/1972 styðja þessa niðurstöðu. Ekki verður talið að sú niðurstaða brjóti í bága við meðalhófsreglu 12. gr. stjórn-sýslulaga eða feli í sér takmörkun á félagafrelsi, eins og stefnandi heldur fram. Af því leiðir að tilgreining á breyttri skattaðild stefnanda í félagssamningi, dags. 16. september 2004, og sem tilkynnt var til firmaskrár Reykjavíkur 21. september 2004, **breytti ekki þeirri skattalegu stöðu stefnanda, sem ákveðin var í upphafi**

Breyting á sf. í ehf.

- Auðvelt er að breyta sf. í ehf./hf. Skilyrði er að allar eignir og allar skuldir þar með talið eigið fé sé yfirfært
- Þó ber að hafa í huga að aðeins er unnt að umbreyta sameignarfélagi, sem er sjálfstæður skattaðili, í ehf. Ef félagið er ekki sjálfstæður skattaðili verður því að byrja á að kljúfa það upp á milli eigendanna
- Yfirfærsluna má miða við hvaða dag ársins sem er. Ekki er því skylt að ganga út frá áramótum eins og þegar einkarekstur á í hlut
- Viðtökufélagið verður að vera hf./ehf. Hins vegar er ekki gerð krafa um að það sé nýtt félag. Ekkert er því til fyrirstöðu að nota gamalt félag sem viðtökufélag og má það félag jafnvel vera í rekstri

Hlutfélög, einkahlutfélög

sýnið varkárni

- Umbreytingarmöguleikanir eru einna bestir þegar um hlutfélög/einkahlutfélög er að ræða
- Þannig er hægt að sameina tvö eða fleiri félög í nýju félagi eða láta eitt félag yfirtaka annað eða fleiri félög
- Sameiningin er þó ekki skattfrjáls nema fullnægt sé neðangreindum skilyrðum
 - A. Allsherjaryfirfærsla.** Í fyrsta lagi verður að yfirfæra allar eignir og allar skuldir þar með talið eigið fé
 - B. Gagngjaldskrafa.** Og í annan stað mega hluthafar í félaginu sem slitið er einungis fá hlutabréf í félaginu er heldur áfram sem gagngjald fyrir eignarhluti sína í hinu slitna félagi

Skipting félaga

- Ekki er hægt að skipta sameignarfélagi. Hins vegar er það ekkert mál þegar hf. og ehf. eiga í hlut
- Skipting slíkra félaga getur verið þáttur í endurskipulagningu á fyrirtækjaheild innan samstæðu
- Eins er hugsanlegt að menn vilji takmarka áhættu sína og skilja í sundur eignir fyrirtækis og rekstur. Venjulega er fasteign þá tekin út og sett í sérstakt félag – **PASSA SIG**
- Við skiptingu félaga þarf að gæta að því að eignarhlutdeild hluthafa í upprunalega félaginu og nýja félaginu sé hin sama. **Hluthafar geta því ekki skipt liði eins og stundum er sagt**

Slitatími

- Einstaklingsrekstri telst lokið þegar maður ákveður að hætta honum. Lokin eru því formlaus svo að segja
- Þegar um sameignarfélög er að ræða verður að gera upp reksturinn. Eignum umfram skuldir er síðan úthlutað til eigenda. Af því loknu er ekkert til fyrirstöðu að afskrá félagið
- Í stórum dráttum gildir hið sama um hf./ehf. Slíkum félögum verður hins vegar ekki slitið fyrr en búið er að gera upp við lánadrottna
 - Hafi félag ekki möguleika á að gera það og hluthafarnir eru ekki tilbúnir að leggja því til meira eigið fé á félagið ekki annarra kosta vöð en að óska eftir gjaldþrotaskiptum

Slitatilkyningar

Muna að loka virðisaukaskattsnúmeri

- Sameignarfélag. Samlagsfélag. Tilkynna verður rekstrarlok til firmaskrár. Ath. allir þátttakendur verða að undirrita tilkynningu
- Hlutfélag. Einkahlutfélag. Ákvörðun um slit verður að byggjast á samþykki hluthafafundar. Ekki er hægt að slíta hf./ehf. nema 2/3 fundarmanna séu því samþykkir. Gera verður upp reksturinn, fylla út skattframtal og óska álagningar frá 1. jan. til slitadags. Þegar álagning liggur fyrir er málið sent **FYRIRTÆKJASKRÁ** sem afskráir félagið

Skattlagning úttekinna eigna

- Einstaklings fyrirtæki og sameignarfélög eru aðeins skattlögð einu sinni
- Taki eigandi/eigendur eignir út úr fyrirtæki sínu við rekstrarlok þarf hann/þeir því almennt ekki að óttast að vera gerður skattur af þeim
- Hins vegar getur fyrirtækið sætt skatti ef úttektarverðið er hærra en innkaupaverðið
- Eigi hlutafélag/einkahlutafélag í hlut ber hins vegar bæði að skattleggja félagið og hluthafann

Hvernig virkar þetta?

Ekki gleyma vskinum

- Ímyndum okkur að eina eign fyrirtækis í rekstrarlok sé amerísk skutbifreið. Bókfært verð hennar er 1,5 millj. en markaðsverð 2,1 millj. Á móti eigninni standa svo skuldir sem eru 1,5 millj. Til úthlutunar koma því 600.000 kr.
- Við úttekt bifreiðarinnar þurfa öll fyrirtækjaformin að svara atvinnurekstrartekjuskatti af mismuni markaðsverðsins og bókfærða verðsins, það er 600.000 kr.
- Sé bifreiðin hins vegar í eigu einkahlutafélags í 100% eign ákveðins manns, sem stofnaði félagið með 500.000 kr. framlagi, þarf hann að greiða viðbótarskatt af úthlutunarverðinu mínus 500.000 kr. eignarhluta sinn eða 20.000 kr. ($600.000 - 500.000 = 100.000 \times 0,20\%$)

Úrganga einstakra þátttakenda Sala eignarhluta, skattlagning

- Einstaklingsrekstur. Maður gengur ekki úr einstaklingsrekstri. Hins vegar getur maður selt hann eða tekið inn samrekstraraðila. Við það breytist eðli félagsins úr því að vera rekstur á eigin kennitölu í sameignarfélagsrekstur
- Hlutir í Sf./Slf. og Hf./Ehf. geta hins vegar gengið kaupum og sölu. Óski maður að hætta atvinnu-þátttökunni er því ekki um annað að ræða en að selja eignarhlutdeild-/hluta sína

Sameignarfélag versus hlutafélag

- Yfirleitt er meira mál að hætta þátttöku í sf. en hf. Helgast það af því að undantekningarlaust verður að gera upp sf. til að finna út verðmæti eignarhlutdeildarinnar
- Þetta er ekki nauðsynlegt þegar hf./ehf. eiga í hlut nema í þeim tilvikum sem verið er að selja alla eignarhlutina
- Hvort sem um er að ræða sf. eða hf. eiga þeir sem halda áfram rekstrinum forgangsrétt á að kaupa eignarhlutina. Í sf. getur jafnvel verið um að ræða kaupskyldu

SKATTLAGNING

einstaklingsrekstur

- Við sölu á einstaklingsrekstri er umfram allt verið að selja eignir og er kaupverðið venjulega greitt með reiðufé og yfirtöku þeirra skulda sem á eignunum hvíla eða reksturinn stendur í
- Við ákvörðun skatts ber að gera upp hagnað af sölu hverrar einstakrar eignar og skattleggst hann eftir atvikum með 36,94% og 46,24% skatti (staðgreiðsluárið 2019)
- Þar sem um er að ræða fyrnanlegar eignir er unnt að fresta skattlagningunni um tvenn ...

REKSTARLOK

Muna PEROS

- Einstaklingur sem selur einkafyrirtæki sitt og frestar skattlagningu hagnaðar af sölu þeirra eigna er honum tilheyra **TELST EKKI STUNDA ATVINNUREKSTUR**
- Á hagnaðinum hvílir skattskuldbinding sem er tiltölulega há og þess vegna gæti verið freistandi að umbreyta „fyrirtækinu“ í ehf. EN TIL AÐ ÞAÐ
- ... sé unnt verður reksturinn að vera í gangi og á maðurinn því engra kosta völ en að afla sér annarra fyrnanlegra eigna, setja reksturinn í gang með öflun tekna og umbreyta honum svo

Skattlagning

sameignarfélags og hlutafélagareksturs

SALA EIGNARHLUTDEILDAR/-HLUTA BREYTIR ENGU UM REKSTURINN

- Við sölu á eignarhlutdeild/eignarhluta í sf./hf. er greiddur fjármagnstekjuskattur af hagnaðinum
- Hagnaðurinn telst í báðum tilvikum mismunur á söluverði og kaupverði
- Skv. lögum er örlítill munur á ákvörðun kaupverðsins eftir því hvort um er að ræða sf. eða hf. en hann skiptir ekki máli við val á rekstrarformi
- Hagnaðurinn telst að fullu til tekna á söluári og er því ekki unnt að fresta skattlagningu hans

Alþjóðlegur skattaréttur

Mjög fá ríki viðurkenna sameignarfélög sem sjálfstæðan skattaðila. Ef Dani myndi t.d. stofna sameignarfélag (sjálfstæðan skattaðila) hér á landi ásamt Íslendingi er viðbúð að skattlagningin yrði einhvern veginn svona. Ath. gert er ráð fyrir 48% tekjuskatti í Danmörku af helmingi hagnaðarins. Þetta er hins vegar ekki áhyggjuefni þegar hf./ehf. eiga í hlut. Heimtaka hagnaðar slíkra félaga er þannig almennt skattfrjáls hér á landi og í viðtökulandinu greiða menn aðeins fjármagnstekjuskatt

Sameignarfélag	Tveir Íslendingar	Dani og Íslendingur
Hagnaður	100	100
Íslenskur skattur	36	36
Skattfrjáls úthlutun	64	64
Skattur í Danmörku (0,48 x 50%)	0	15,36
Heildar skattur á Ísl og DK	36	51,36
Til ráðstöfunar eftir skatt	64	48,64
Munur		15,36

Hver er tilgangur þinn með atvinnurekstrinum, hversu lengi ætlar þú að stunda hann og hvernig hugsar þú þér
útgöngu þína

- Almennt er auðveldara að losa sig við eignarhluti í hlutafélögum en sameignarfélögum
- Stafar það auðvitað af því að atvinnuþátttakan er ekki jafn persónuleg í fyrrnefndu félögunum og hinum síðarnefndu

Mat á fyrirtækjakostum

- **Alm. atvinnurekstur.** Umfangslítill starfsemi. Hagnaður af starfsemi 2 millj. eða minni. Rekstur á eigin kennitölu
- **Verslunarrekstur.** Hagnaður af rekstri meiri en 2 millj. á ári. Fleiri en einn starfsmaður. Einkahlutafélag
- **Fjöldi þátttakenda í rekstri** og persónuleg tengsl þeirra. Ef þátttakendur eru fáir, traust ríkir á milli þeirra o. fl. getur rekstur í formi sf./slf. verið betri en rekstur í formi hf./ehf.
- **Sala á þjónustu.** Hagnaður af rekstri meiri en 2 millj. á ári. Einn rekstraraðili. Takmörkuð áhætta. Samlagsfélag
- **Útleiga á fasteignum.** Eignarhald á hlutabréfum. Hlutafélag eða einkahlutafélag
- **Verktakastarfsemi.** Veruleg fjárhagsáhætta . Hluta- eða einka-hlutafélag

Val á rekstrarformi á því að fara eftir

1. Umfang starfsemi. Hagnaður af rekstri. Umbreytingarmöguleikar (skattfrjálsir)
2. Stofnkostnaður. Skatthæð (hlutfall) og kostnaður við bókhald og reikningsskil
3. Hvort mögulegt sé að láta félag eiga einkamuni sína og úttekt úr sjóði
4. Fjöldi þátttakenda og persónuleg tengsl þeirra
5. Stjórnskipulag og ákvarðanatoka. Hver/hverjir ráða félaginu og hvaða reglur gilda um ákvarðanatöku þeirra. Ríkir traust á milli aðila eða ekki
6. Áhætta og ábyrgð heildarskuldbindingum félags
7. Möguleikar á úrgöngu úr félagi og sölu eignarhluta

SPURNINGAR